

7. fundur stjórnar AP, starfsárið 2019-2020 haldinn í Kjarna á Laugum 29. janúar 2020 kl. 15:00.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Guðmundur H. Halldórsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir og Pétur Snæbjörnsson. Jóna Björg Arnarsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar hafði tók á að mæta. Mirjam Blekkenhorst ætlaði að vera með í Teams en forfallaðist í upphafi fundar. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Varaformaður stjórnar, Jóna Björg Hlöðversdóttir, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Þjónustusamningur milli AP og SSNE

Farið yfir drög að þjónustusamningi milli atvinnuþróunarfélagsins og nýrra landshlutasamtaka sem tóku við verkefnum atvinnuþróunarfélagsins 1. janúar sl. Um er að ræða samning sem felur í sér að atvinnuþróunarfélagið þjónusti nýju samtökin þar til starfsmenn hafa verið ráðnir til þeirra. Kostnað vegna launa og launatengdra gjalda ásamt daglegum rekstrarkostnaði sem til fellur við starfsemina, endurgreiða samtökin atvinnuþróunarfélaginu skv. nánari ákvæðum samningsins.

Að yfirferð lokinni var varaformanni falið umboð til að undirrita samninginn f.h. atvinnuþróunarfélagsins.

2. Ráðstöfun eigna atvinnuþróunarfélagsins og framtíð þess

Við afgreiðslu fulltrúaráðs um sameiningu atvinnuþróunarfélagsins, Eyþings og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar 19. nóv. 2019 var eftirfarandi bókað varðandi ráðstöfun eigna þess og framtíð:

Hvað varðar aðrar eignir [en skrifstofubúnað] er stjórn falið að leggja fram tillögu að ráðstöfun og jafnframt að leggja fram tillögu að framtíð atvinnuþróunarfélagsins í einhverri mynd eða slitum þess. Skulu ákvarðanir um ráðstöfun eignanna liggja fyrir eigi síðar en 31. mars 2020.

Þær eignir sem um er að ræða eru annars vegar peningalegar eignir (staða á bankareikningum) og hins vegar hlutafé í fyrirtækjum, en stóran hluta þessara eigna má rekja til yfirtöku atvinnuþróunarfélagsins á Kísilgúrsjóði á sínum tíma.

Mögulegar leiðir ræddar og þá einkum tvær sem framkvæmdastjóra og Pétri Snæbjörnssyni var falið að skoða nánar; annars vegar að sjálfseignarstofnunin yrði áfram rekin sem eignarhaldsfélag utan um þær eignir sem í henni eru; hins vegar að hlutafé í eigu hennar yrði selt að því marki sem það reyndist unnt en eftirstöðvum ásamt peningalegum eignum afsalað til Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

Samþykkt að stefna að fulltrúaráðsfundi þriðjudaginn 24. mars kl. 13:00 til afgreiðslu á þeim tillögum sem henni var falið af fulltrúaráðinu að leggja fram varðandi ráðstöfun eigna og framtíð atvinnuþróunarfélagsins.

3. Störf stjórnar og starfsmanna á uppsagnarfresti

Varaformaður fór yfir helstu þætti í sameiningarferlinu en það sem sérstaklega hefur snúið að stjórn atvinnuþróunarfélagsins er að ákveðið var að segja öllum starfsmönnum upp miðað við 31.12.2019 en í uppsagnarbréfi kom fram að öllum starfsmönnum stæði til boða starf hjá hinum sameinuðu samtökum.

Að liðnum mánuði hefur starfsmönnum ekki verið kynntur nýr ráðningarsamningur og leggur stjórn ríka áherslu á að því óvissuástandi sem starfsmenn búa nú við verði eytt sem fyrst. Hvetur hún stjórnendur hinna nýju samtaka til að ganga í það sem allra fyrst að semja um ráðningarkjör við þá starfsmenn sem það kjósa. Er varaformanni falið að fylgja því eftir við viðkomandi aðila.

Rætt almennt um hlutverk stjórnar sem snýr fyrst og fremst að því að ljúka uppgjöri síðasta rekstrarárs og leggja fram tillögur um ráðstöfun eigna og framtíð atvinnuþróunarfélagsins, 2. lið fundargerðar.

4. Önnur mál

- Aðalsteinn Á. Baldursson lagði fram og gerði grein fyrir eftirfarandi bókun:

Yfirlýsing

Lögð fram á stjórnarfundum í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga 29. janúar 2020.

Undirritaður, stjórnarmaður í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, gerir alvarlegar athugasemdir við sameiningu félagsins við Eyþing og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar undir nafninu; Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE). Aðvörunarorð sem undirritaður hefur viðhaft í aðdraganda sameiningar hafa því miður flest ef ekki öll gengið eftir. Til viðbótar hefur verið illa haldið á málinu frá upphafi.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hefur í gegnum tíðina gengt mikilvægu hlutverki í Þingeyjarsýslum. Tilgangur félagsins hefur verið að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á starfssvæðinu og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnulífi, samfélags- og byggðapróun. Markmið félagsins hefur auk þess verið að stuðla að jákvæðri þróun atvinnumála, bæta almenn búsetuskilyrði á starfssvæðinu og auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu.

Þá hefur félagið komið að margvíslegum verkefnum s.s. verkefninu „Brothættar byggðir“ sem hófst árið 2014 á vegum Byggðastofnunar. Markmiðið með verkefninu hefur verið að styðja við byggð og stöðva fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og sveitum á Íslandi s.s. í Öxarfirði, Raufarhöfn og Bakkafirði. Hvað verkefnið varðar hefur Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga verið í forystuhlutverki í héraðinu og unnið náið með Byggðastofnun, íbúum og hagsmunaaðilum á viðkomandi svæðum.

Frá fyrstu tíð hefur verið kappkostað að stjórn Atvinnuþróunarfélagsins á hverjum tíma endurspegli skoðanir og hagsmunni sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins í Þingeyjarsýslum. Stjórnin hefur verið skipuð fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að félaginu auk fulltrúa frá atvinnurekendum (SANA) og stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum. Í gegnum tíðina hefur samstarf þessara aðila verið til mikillar fyrirmyndar er viðkemur hagsmunum fyrirtækja, stofnana og íbúa á svæðinu, það er verið á jafnréttisgrundvelli. Reyndar verið ákveðin fyrirmynd þar sem fulltrúar atvinnulífsins hafa auk sveitarstjórnarmanna átt fast sæti í stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Þrátt fyrir stærð Norðurlands hefur sveitarfélagið ekki gert kröfu um stjórnarformennsku í félaginu.

Nú ber svo við að pólitíkin hefur ákveðið að rústa þessu samstarfi með því að leggja af starfsemi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og sameina það Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og Eyþingi. Allir starfsmenn Atvinnuþróunarfélagsins hafa fengið uppsagnarbréf og vita því lítið um sína framtíð.

Kjörin hefur verið sjö manna stjórn skipuð sveitarstjórnarmönnum, það er fjórum fulltrúum frá sveitarfélögum við Eyjafjörð og þremur frá sveitarfélögum úr Þingeyjarsýslum. Til að tryggja vægi Akureyrar gerði sveitarfélagið kröfu um að stjórnarformaðurinn komi ávallt frá Akureyri auk þess sem sveitarfélagið verði með tvo stjórnarmenn til að tryggja stöðu sína enn frekar. Í nýrri stjórn er ekki gert ráð fyrir aðkomu fulltrúa frá atvinnulífinu. Þannig flyst valdið sem var til staðar hjá sveitarstjórnarmönnum og aðilum vinnumarkaðarins í Þingeyjarsýslum í atvinnumálum vestur um til Akureyrar.

Þrátt fyrir að ákveðið hafi verið á aukaaðalfundi Eyþings 9. apríl 2019 að starfsstöðin á Húsavík yrði jafnframt aðalskrifstofa félagsins fyrir sameinað félag virðist sem það ætli ekki að ganga eftir þar sem í endanlegum samþykktum félagsins er talað um að varnarþing félagsins verði á Húsavík. Ekki er lengur talað um að aðalskrifstofa félagsins verði á Húsavík, hvað þá að framkvæmdastjórinn hafi fasta viðveru þar.

Þá vekur athygli að Capacent sem var falið að koma að ráðningu á nýjum framkvæmdastjóra taldi ekki ástæðu til að auglýsa á starfsvæði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga eftir framkvæmdastjóra fyrir nýtt sameinað félag á Norðurlandi. Þess í stað var auglýst í miðlum á Akureyri. Eftir að undirritaður gerði athugasemd við auglýsinguna var honum þakkað fyrir ábendinguna s.br. eftirfarandi svar; „*Takk fyrir ábendinguna, mjög góður punktur. Auglýsingin mun á næstunni birtast í Skránni.*“

Fyrir liggur að búið er að ráða framkvæmdastjóra fyrir sameinað félag og vil ég nota tækifærið og óska honum velfarnaðar í starfi um leið og ég gagnrýni stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra harðlega fyrir að sniðganga Reinhard Reynisson framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem var meðal umsækjanda.

Reinhard hefur langa og viðtæka reynslu á sviði atvinnuþróunar og starfsemi sveitarfélaga enda fyrrverandi sveitarstjóri og sveitarstjórnarmaður. Þá hefur hann gengt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir ýmsa aðila og samtök er viðkoma málefnum sem koma til með að falla undir frekari atvinnuþróun og starfsemi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

Stjórn SSNE skuldar stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga rökstuðning fyrir þessari ákvörðun að horfa fram hjá ráðningu Reinhards Reynisonar í starf framkvæmdastjóra.

Að lokum vill undirritaður lýsa yfir fullum stuðningi við störf Reinhards Reynisonar í þágu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga um leið og honum eru þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins sem framkvæmdastjóri og fyrir ánægjulegt samstarf að málefnum félagsins í gegnum tíðina.

**Aðalsteinn Árni Baldursson,
fulltrúi stéttarfélaganna í stjórn AP**

Umræða varð um efni bókunarinnar og það vinnuferli sem viðhaft hefur verið við sameininguna fram að þessu. Fram kom óánægja með hvernig mál hefðu þróast, m.a. gagnrýni á að samþykktir aðalfundar Eyþings um að höfuðstöðvar hinna nýju samtaka yrði staðsett á Húsavík hefðu horfið úr vinnuferlinu, bæði í drögum að samþykktum samtakanna og í meðförum stjórnar hinna nýju samtaka, t.a.m. þegar starf framkvæmdastjóra var auglýst.

- Framkvæmdastjóri gerði stjórn grein fyrir því að hann hefði sótt um starf framkvæmdastjóra hinna nýju samtaka og væri afar ósáttur við niðurstöðu stjórnar í ráðningarferlinu og hefði óskað eftir rökstuðningi fyrir henni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:47